



Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis  
Bt. nefndasviðs Alþingis, nefndasvid@althingi.is  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. desember 2013

**Efni: Umsögn Félags íslenskra landslagsarkitekta FÍLA um frumvarp til laga um náttúruvernd (brottfall laga um náttúruvernd, nr. 60/2013), 167. mál.**

Félag íslenskra landslagsarkitekta FÍLA leggur áherslu á að sú vandaða vinna sem hefur verið unnin, við endurskoðun þeirra laga sem fella á úr gildi, verði haldið til haga. Frá sjónarhóli Félags íslenskra landslagsarkitekta FÍLA eru mikilvægt að ákvæði varðandi landslagsvernd, vernd jarðminja, vistkerfa, vistgerða og tegunda verði nýtt við heildarsendurskoðun á lögum um náttúruvernd.

Hugtök eins og menningarlandslag og ýmis ákvæði landslag sem fram koma í Evrópska landslagssáttmálanum, sem hefur verið staðfestur af íslenskum stjórnvöldum, verði tekin inn í löggjöf um náttúruvernd á Íslandi.

Landslagsarkitektar starfa mikið við umhverfis- og skipulagsmál. Reynsla okkar er sú að eldri löggjöf, þ.e. lög nr. 44/1999, hafa ekki stutt við náttúruvernd og varðveislu náttúru- og menningarminja á Íslandi.

Félag íslenskra landslagsarkitekta FÍLA skorar á löggjafarvaldið að tryggja ofangreindar ábendingar nái fram að ganga við endurskoðun laganna.

Fyrir hönd stjórnar Félags íslenskra landslagsarkitekta FÍLA

Hermann Georg Gunnlaugsson  
formaður FÍLA